

Original Universal Málartvätt

Alhliða hreinsiefni

Efnislýsing

Original Universal Málartvätt er hreinsi- og affitunarþykni sem nota má bæði innan- og utanhúss. Original Universal Málartvätt fjarlægir fitu og óhreinindi á áhrifaríkan hátt, sem þýðir að málning nær betri viðloðun við flötinn sem mála á. Málartvätt hentar einnig til viðhaldspvotta á veggj utanhúss, útihúsgögn, viðarpalla og fleira. Efnið inniheldur engin fosföt.

Meðhöndlun

- Létt hreinsun: 1 hluti hreinsir á móti 20 hlutum vatns.
- Mjög óhreinir fletir: 1 hluti hreinsir á móti 10 hlutum vatns.
- Viðhaldspvottur á olíu- eða alkýðmálningu: 1 hluti hreinsir á móti 20 hlutum vatns.
- Endurmálun innanhúss: Berið lausnina á með svampi eða örtrefjahlút. Skolið klútinn með hreinu vatni og farið vandlega yfir flötinn aftur.
- Endurmálun/viðhaldspvottur utanhúss: Skolið vegginn með vatni. Berið blönduna á óhreinan flötinn með lágþrýstiúða, bursta eða svampi. Látið liggja á fletinum í 10 mínútur og skrúbbið síðan af með bursta eða svampi. Hreinsið vel með hreinu vatni. Ef vöxtur er á fletinum skal nota þörunga- og mygluhreinsi á hreinan og þurrar flötinn til að drepa spora og örverur.
- ATH. Verjið gler, málma og málaða fleti sem ekki á að yfirmála. Verjið einnig blóm og timbur sem ekki á að hreinsa.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði.

Ekki láta brúsann standa opinn meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Notkun: Innan- og utanhúss
Verkfæri: Þvottasvampur og skrúbbur
Þekja: 10-15 m²/l (eftir blöndun)
Umbúðir: 1, 2,5 og 5 lítrar
Geymsla: Í frostlausu rými

Síðast endurskoðað í nóvember 2023